
GÆÐAKERFI RANNSÓKNA OG NÝSKÖPUNAR Á FRÆÐASVIÐI LISTA

GREINARGERÐ
RANNSÓKNAHÓPS
FAGRÁÐS

GÆÐAKERFI RANNSÓKNA OG NÝSKÖPUNAR Á FRÆÐASVIÐI LISTA

EFNISYFIRLIT

FORMÁLI	2
AFRAKSTUR RANNSÓKNA OG NÝSKÖPUNAR Á FRÆÐASVIÐI LISTA	3
Hvenær telst listsköpun rannsókn í akademískum skilningi?	3
MATSKERFI FYRIR AFRAKSTUR RANNSÓKNA OG NÝSKÖPUNAR Á FRÆÐASVIÐI LISTA	4
Gagnagrunnur	5
Marglaga matsþættir	5
Vægi matsþátta	6
Framkvæmd mats	7
Möguleikar á notkun og útfærslu	9
Veikleikar og takmarkanir	9
LOKAORÐ	11
VIÐAUKAR	12
VIÐAUKI I – MATSPÁTTURINN VETTVANGUR: NIÐURRÖÐUN EFTIR VÆGI	13
VIÐAUKI II – MATSKERFI R&N Í NORSKU LEIKLISTARAKADEMÍUNNI FREDERIKSTAD	18
VIÐAUKI III – MATSKERFI OPINBERRA HÁSKÓLA Á ÍSLANDI	24
VIÐAUKI IV – STIGAGJÖF ÍSLENSKRA TÍMARITA	25

FORMÁLI

Rannsóknahópur fagraðs var skipaður haustið 2009 og hefur starfað síðan að skilgreindum verkefnum sem honum voru falin. Árið 2010 skilaði hópurinn af sér rannsóknastefnu og fylgiskjali hennar, en síðan þá hefur ný stefna um rannsóknir og nýsköpun fyrir 2013–17 tekið gildi og unnin var í víðtæku samráði innan skólans. Auk rannsóknastefnunnar var hópnnum falið að þróa matskerfi fyrir afrakstur á fræðasviði lista, en hingað til hefur formlegt gæðakerfi rannsókna og nýsköpunar ekki verið innleitt við Listaháskólann. Hins vegar hefur átt sér stað reglubundið en óformlegt mat á þessum starfsþætti, án þess að skilgreind markmið hafi legið fyrir um viðmið á gæðum og árangri akademískra starfsmanna í rannsóknum og nýsköpun. Því var ljóst strax í upphafi að umfangsmikið verkefni væri í höndum hópsins og að það varðaði marga fleti á starfsemi skólans.

Í þessari greinargerð leggur hópurinn fram tillögu að opinberri skilgreiningu skólans á listrannsóknum annars vegar og hins vegar tillögu að matskvarða fyrir afrakstur R&N á fræðasviði lista. Hópurinn hélt um 7–10 fundi á hverju skólaári frá árinu 2010, að undanskildu 2012 þegar mikið álag var á starfsfólki vegna niðurskurðar og innleiðingar nýs meistaranáms. Við vinnu sína hafði hópurinn ávallt í huga fjölbreytileika þeirra listsviða sem skólinn starfar á og tók til greina mismunandi eðli og einkenni afraksturs hvers fags fyrir sig. Hópurinn kynnti sér rannsóknastefnur, matskerfi og samkeppnissjóði í öðrum háskólum hér á landi (HÍ, Bifröst, HR, Rannís, Vísinda- og tækniráð) sem og í helstu samanburðarháskólum erlendis¹. Þá bauð hópurinn til sín utanaðkomandi aðilum, m.a. sérfræðingi á rannsókn- og nýsköpunarsviði Rannís, starfsmanni rannsóknþjónustu HR, auk þess sem sérstakur rýnihópur innan skólans var kallaður saman til að fjalla um drög að tillögum í desember 2012. Í kjölfarið tók við áframhaldandi vinna með mið af þeim athugasemdum og umræðum sem upp komu í vinnuferlinu. Á síðari stigum voru tillögur kynntar fyrir forstöðumanni og sérfræðingum Rannís, Vísinda- og tækniráði og stjórn Listaháskólans, auk þess sem kynning og umræður hafa farið fram í framkvæmdaráði og fagraði skólans.

Í hópnnum sátu:

Hulda Stefánsdóttir, prófessor í myndlistardeild (2009–2012)

Kjartan Ólafsson, prófessor í tónlistardeild (2009–2014)

Kristín Valsdóttir, deildarforseti listkennsludeildar (2009–2014)

Magnús Þór Þorbergsson, lektor í sviðlistadeild (í rannsóknaleyfi haust 2013)

Ólafur Sveinn Gíslason, prófessor í myndlistardeild (2012–2014)

Sigrún Birgisdóttir, deildarforseti í hönnunar- og arkitektúrdeild (2009–2014)

Ólöf Gerður Sigfúsdóttir, forstöðumaður rannsóknþjónustu, leiddi vinnu hópsins.

¹Arts & Humanities Research Council (UK), Bergen Academy of Art and Design (NO), The Graduate School of Creative Arts and Media (IE), The Finnish Academy of Fine Arts (FI), Konstfack (SE), The Norwegian Artistic Research Fellowship Program (NO), The Norwegian Theatre Academy (NO), Research Excellence Framework (UK), The Royal Danish Academy of Music (DK), Sibelius Academy (FI), Stockholm University of the Arts (SE), Theatre Academy Helsinki (FI), University of Brighton (UK), University of Dance and Circus (SE), Utrecht Graduate School of Visual Art and Design (NL).

AFRAKSTUR RANNSÓKNA OG NÝSKÖPUNAR Á FRÆÐASVIÐI LISTA

Samkvæmt skilgreiningu skólans á starfi akademískra starfsmanna innifelur starfsþátturinn rannsóknir og nýsköpun „alla sjálfstæða og skapandi vinnu háskólakennara, þ.m.t. listsköpun, listtúlkun og fræðilegar rannsóknir“ (*Starfkennarans*, Handbók Listaháskólans 2013). Afrakstur slíkrar vinnu getur birst í bókverki, tónverki, myndverki, handriti, sýningarstjórnun, bókum, tímaritagreinum, framlagi á ráðstefnu, hugbúnaði, byggingu og mótun manngerðs umhverfis, forvörslu, gjörningi og hvers kyns sviðsflutningi í rauntíma, hönnunarverki, hönnunartillögu og kvikmynd. Listaháskólinn fjárfestir í slíkri vinnu með skilgreindu rannsóknahlutfalli akademískra starfsmanna og byggir þannig upp þekkingu á fræðasviði lista, einn háskóla á Íslandi. Kerfisbundið uppbyggingarstarf á þessu sviði hófst haustið 2007 með tilkomu rannsóknþjónustu, en vegna svo stuttrar sögu er ljóst að rannsóknarinnviði sem og sértæk heimilda- og gagnasögn þarf að byggja upp frá grunni.

Mikil umræða hefur átt sér stað um hvernig listrannsóknir rúmast innan þessa starfsþáttar og hvernig eða hvort nauðsynlegt sé að aðskilja listrannsóknir frá listsköpun af öðru tagi. Í lýsingunni hér að ofan felst að þetta tvennt stendur jafnfætis og hingað til hefur skólinn ekki tekið formlega afstöðu um aðgreiningu þarna á milli, né hefur hann gert kröfur til akademískra starfsmanna um að taka afstöðu til þessara þátta í eigin listiðkun. Þó má undanfarið greina tilhneigingu til að aðgreina þarna á milli, og á sama tíma er kallað eftir skýrri afstöðu skólans til listrannsóknna, m.a. frá erlendum sérfræðingum á vegum Gæðaráðs háskólanna, frá Vísinda- og tækniráði og Rannís, auk þess sem starfsmenn skólans sjálfs hafa kallað eftir skýrari línunum hvað afstöðu skólans til rannsókna varðar.

Í ljósi þess vill hópurinn leggja fram eftirfarandi tillögu að skilgreiningu á hugtakinu listrannsókn, sem nýtast mætti skólanum til frekari afmörkunar og stefnumótunar á þessu sviði:

Hvenær telst listsköpun rannsókn í akademískum skilningi?

Markmið listrannsóknna er að geta af sér nýja þekkingu eða skilning í gegnum sköpunarferlið sjálft, þar sem afrakstur er lagður fram í tilteknu listformi ásamt skrifadri greinargerð, þar sem fræðilegri vinnu eru gerð sérstök skil.

Listamenn, sama í hvaða miðli þeir starfa, vinna oftast að verkum sínum í gegnum rannsakandi ferli þar sem tekist er á við tiltekið viðfangsefni. Sköpunarferlið sjálft felur í sér bæði huglæga og verklega framkvæmd, en þetta tvennt hefur gagnkvæm áhrif hvort á annað. Slíkt vinnuferli þarf hins vegar ekki endilega að þýða að um listrannsókn sé að ræða, á þann hátt sem fellur undir markmið rannsóknarviðmiða í háskólasamfélaginu. Til þess að listamaður geti kallast rannsakandi í akademískum skilningi þess orðs þarf vinnulag hans að

falla undir sömu forsendur og annarra rannsækenda í fræðasamfélaginu. Það þýðir að:

1. Rannsóknarviðfangsefni er vel skilgreint og spurningarnar sem listamaðurinn spyr sig leiða af sér merkingarbært framlag til þess fagsviðs sem rannsóknin er framkvæmd á.
2. Rannsóknarsamhengi er afmarkað svo hægt sé með skýru móti að skilgreina þetta framlag og draga fram frumleika þess og vægi.
3. Áætlun um rannsóknaraðferðir liggur fyrir í upphafi, en þær geta verið margar og þróast í gegnum ferlið. Þær einkennast ávallt af þeim miðli sem listamaðurinn vinnur í og hafa afgerandi áhrif á miðlun afrakstursins.
4. Afrakstri og ferli rannsóknarinnar er miðlað á opinberum vettvangi og eru varðveitt í varanlegu formi.

Ferlið felur í sér verklega framkvæmd (listsköpun, listtúlkun) sem ávallt er í gagnkvæmu sambandi við þann fræðilega grunn sem rannsóknin byggist á. Þetta tvennt helst í hendur og þróast í gagnvirku sambandi svo eftir stendur listaverk annars vegar og hins vegar ritverk að ferlinu loknu. Lykilatriði er að afrakstur ferlisins, listaverkið og fræðilegar forsendur þess, leiði til merkingarbærs framlags til þess fagsviðs sem rannsóknin tilheyrir. Framsetning afrakstursins grundvallast á afgerandi hátt á þeim listmiðli sem rannsækandinn sérhæfir sig í, s.s. tónlist, dansi, myndlist, leiklist, hönnun, kvikmyndagerð, gjörningi, arkitektúr eða manngerðu umhverfi.

Þannig auka listrannsóknir ekki einungis við þekkingarforða innan listgreinar eða viðkomandi fagsviðs, heldur eru þær ekki síður mikilvæg viðbót við þá rannsóknafloðu sem fyrir er og bjóða þannig upp á valkost við aðrar viðurkenndar nálganir sem auka skilning okkar á náttúrunni, manninum og umhverfi hans.

MATSKERFI FYRIR AFRAKSTUR RANNSÓKNA OG NÝSKÖPUNAR Á FRÆÐASVIÐI LISTA

Sú tillaga sem hér er lögð fram gerir engan greinarmun á mismunandi eðli afraksturs og nær hún því til allra þátta sem lýst er í núverandi skilgreiningu skólans til R&N, þ.e. listsköpunar, listtúlkunar og listrannsókna. Í þeim tilfellum sem afrakstur akademískra starfsmanna skólans er á öðrum fræðasviðum, s.s. í mennta-, hug- eða félagsvísindum, er lagt til að notast verði við viðurkennda matskvarða á þeim sviðum sem á við hverju sinni. Þannig fylgir mat á afrakstri á sviði menntavísinda áður skilgreindum mælikvörðum sem þegar hafa verið þróaðir og unnið er eftir m.a. í Háskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri. Að sama skapi fylgir mat á afrakstri á sviði hug- og félagsvísinda þeim mælikvörðum sem þegar hafa verið þróaðir og unnið er eftir m.a. í Háskóla Íslands, Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri eða Háskólanum á Bifröst. Hið sama gildir um önnur þau fræðasvið sem akademískir starfsmenn skólans kunna að miðla sínum afrakstri á, s.s. á sviði raunvísinda eða umhverfsvísinda.

Gagnagrunnur

Forsenda fyrir því að formlegt og sanngjarnt mat á afrakstri akademískra starfsmanna geti farið fram er að skráning á afrakstri sé kerfisbundin, regluleg og samanburðarhæf. Sem liður í uppbyggingu gæðakerfis R&N var nýr gagnagrunnur tekinn í notkun árið 2010, sá eini sinnar tegundar í háskólasamfélaginu hér á landi í opnum aðgangi. Gagnabankinn er verkfæri til að safna saman á einn stað í stjórnsýslu skólans upplýsingum um sérsvið og afrakstur akademískra starfsmanna. Hann veitir mikilvægar upplýsingar um viðfangsefni akademískra starfsmanna og sýnir virkni þeirra á viðkomandi sérsviðum, auk þess að kortleggja þau svið sem uppbygging þekkingar fer fram á. Gagnabankinn hefur reynst mikilvægt verkfæri í að skapa umræðu um R&N út frá raunverulegum viðfangsefnum starfsmanna sjálfra auk þess að nýtast stjórnendum í að öðlast yfirsýn yfir þennan starfsþátt.

Akademískir starfsmenn með rannsóknahlutfall gera árlega grein fyrir þeirri virkni sem fellur undir R&N og skrásetja vinnu sína í þar til gerðu forriti sem skólinn hefur þróað sérstaklega fyrir gagnagrunninn. Afrakstur er skilgreindur í 4 flokka:

- a. Listsköpun
- b. Rannsóknir
- c. Útgáfa
- d. Tengsl við samfélagið

Hingað til hefur ekki verið lagt formlegt mat á þann afrakstur sem skráður er í gagnabankann, enda hefur viðeigandi matskvarði ekki verið fyrir hendi. Hins vegar hefur farið fram óformlegt mat á árlegum fundum akademískra starfsmanna hversrar deildar með viðkomandi deildarforseta, rektor og forstöðumanni rannsóknþjónustu. Slíkir fundir hafa farið fram á grundvelli þess afraksturs sem skráður er í gagnabankann, en hins vegar hefur enginn rammi verið settur utan um lágmarksvirkni eða gæði hvað þennan starfsþátt varðar. Matskerfið sem hér er lagt fram nær til allra þessara þátta fyrir utan þann síðastnefnda, „tengsl við samfélagið“.

Marglaga matsþættir

Vinnuferlið við þróun matskerfisins hefur verið langt og flókið, en strax í upphafi var ljóst að ekki væri vænlegt að „þýða“ hefðbundin rannsóknamatkerfi yfir á fræðasvið lista. Ekki einungis flækja mismunandi forsendur listsviðanna myndina, heldur ríkir gífurleg fjölbreytni í frumsköpun listamanna innan sama sviðs og sá vettvangur sem þeir velja að miðla verkum sínum á getur verið óhefðbundinn og auðveldlega sloppið undan tilraunum til flokkunar m.t.t. mikilvægis. Þá nægir ekki að meta eingöngu vettvang miðlunar líkt og í hefðbundnum matskerfum (s.s. ritrýndum vettvangi), heldur geta aðrir þættir vegið þyngra þegar meta á virkni akademískra starfsmanna og vægi verka þeirra. Þar af leiðir að mat á afrakstri fræðasviðs lista krefst samsettra og marglaga mælikvarða með innbyggðu svigrúmi

sem tekur tillit til ólíkra og afstæðra breyta hverju sinni. Í þessu ljósi er mikilvægt að fjölga matsþáttum til viðbótar við vettvang til að ná betur utan um hvert verk fyrir sig. Hópnun er ekki kunnugt um matskerfi af slíkum toga í öðrum listaháskólum, en algengt er að gera vettvang miðlunar að veigamesta matsþættinum án þess að taka til greina aðra matsþætti (sjá viðauka II).

Niðurstaða hópsins er sú að leggja fram tillögu að matskvarða sem byggist á fjórum matsþáttum, sem samanlagt gefa heildstæða mynd af hverju verki:

Vettvangur: Verkinu skal vera miðlað á opinberum vettvangi. Dæmi um opinberan vettvang er safn, sýningarsalur, tónleikasalur, leikhús, opinber hönnunartillaga, staðsetning byggingar/manngerðs umhverfis, flutningur í sjónvarpi/útvarpi, tímarit og bókaútgáfa, ráðstefnur/málþing, auk hvaða óformlegs vettvangs sem viðkomandi verkefni er miðlað á. Miðað er við að vettvangur sem notast við jafningjamat (valnefnd, listráð, fagráð) hafi alla jafna meira vægi heldur en ella.

Samhengi: Verkið er flutt/birt/sýnt í samhengi við listahátíðir, kaupstefnur eða annað sem varpar ljósi á mikilvægi verkefnisins. Er verkið pantað? Er verkið frumflutt eða endurflutt?

Tengsl: Verkið er flutt/birt/sýnt í samstarfi við aðra listamenn/listamannateymi (samsýningar, tónlistarhópur, hönnunarteymi o.s.frv.).

Áhrif: Verkið hefur hlotið verðlaun eða viðurkenningar. Hefur það hlotið opinbera, faglega umfjöllun eða gagnrýni? Hér skal meta áhrif verks á fagsvið til lengri tíma litið (afturvirkir, metið á 3ja ára fresti).

Við mat á fræðilegum afrakstri listrannsókna verði tekið mið af takmörkuðum miðlunarleiðum hér á landi, þ.e. ritrýndur vettvangur á fræðasviði lista er af skornum skammti og því líklegt að afrakstur ryðji sér til rúms á óritrýndum vettvangi. Taka verður mið af þessu í mati. Á sama tíma er mikilvægt að beina akademískum starfsmönnum á alþjóðlegan ritrýndan vettvang, s.s. Journal of Artistic Research, sem er eina ritrýnda tímaritið á þessu fræðasviði og er í opnum aðgangi á netinu.

Vægi matsþátta

Eftir að verk hefur verið skráð í gagnagrunn skólans um R&N er gerð sjónræn mynd af því með því að merkja hnit inn á fjóra ása matskvarðans. Hver matsþáttur hefur innbyggðan skala sem gefur 1–8 stig eftir vægi:

- 7–8 stig Áhrifamikill vettvangur/samhengi/tengsl/áhrif á alþjóðavísu
- 5–6 stig Annar vettvangur/samhengi/tengsl/áhrif á alþjóðavísu
- 3–4 stig Áhrifamikill vettvangur/samhengi/tengsl/áhrif innanlands
- 1–2 stig Annar vettvangur/samhengi/tengsl/áhrif innanlands

Þegar hnit verks hafa verið teiknuð í kvarðann kemur fram samtala sem lýsir heildarmati verkefnisins. Ekki er nauðsynlegt að meta alla fjóra þætti kvarðans þar sem þeir eiga ekki við í öllum tilfellum. Því er mikilvægt að reikna meðaltal hvers verks svo matið verði samanburðarhæft milli einstakra verka eða starfsmanna.


Í vinnu sinni gerði hópurinn tilraun til að skilgreina mismunandi vettvang eftir vægi (listasöfn, leikhús, tónleikasali, kaupstefnur o.s.frv.) þrátt fyrir að augljóslega væri slíkur listi það háður óvæntum ytri skilyrðum að erfitt væri að vinna eftir honum með sanngjörnum hætti. Engu að síður er hópurinn sammála um að slíkur listi sé óhjákvæmilegur eigi matskerfið að vera heildstætt, og leggur hann fram lista þar að lútandi í viðauka I. Skilyrði fyrir notkun listans er að matsnefndir hverju sinni skuli skipaðar sérfræðingum á hverju sviði og tryggja þannig að ávallt sé um jafningjamat að ræða.

Framkvæmd mats

Dæmi 1a:

Nýtt tónverk frumflutt í Siglufjarðarkirkju (vettvangur 1), á Þjóðlagahátíð á Siglufirði, (samhengi 5), flutt af Voces Thules (tengsl 4), sem fjallað var um á faglegan hátt í fjölmiðlum með tónlistargagnrýni og tilvísunum í pólitískt menningarvægi. Fjallað var um hátíðina líka í erlendum fjölmiðlum, aðallega á Norðurlöndum (áhrif 5).

Samtals: 15 stig // Meðatal: 3,75 stig



Dæmi 1b:

Sama verk er unnið í gegnum ferli listrannsóknar og getur af sér texta auk tónverks. Hér skal notast við viðurkennda mælikvarða á þeim fræðasviðum sem textinn birtist á, s.s. yfirlit yfir stigagjöf íslenskra tímarita frá 2011.

Grein í ritrýndu tímariti: 15 stig

Grein í óritrýndu tímariti: 5–10


Samtals: grein í ritrýndu tímariti + verk: 30 stig

Samtals: grein í óritrýndu tímariti + verk: 20–25 stig

Dæmi 2a:

Nýtt verk myndlistarmanns á samsýningu í Hafnarhúsi Listasafns Reykjavíkur (vettvangur 4) í tengslum við Listahátíð í Reykjavík (samhengi 6). Aðrir sýnendur voru alþjóðlega virtir listamenn og sömuleiðis sýningarstjórinn (tengsl 7). Listamaður var tilnefndur til Sjónlistaverðlaunanna fyrir verkið og hefur hlotið jákvæða gagnrýni hér á landi auk þess sem skrifað var um sýninguna í fagtímaritið Art Forum (áhrif 7).

Samtals: 24 sig // Meðaltal: 6 stig



Dæmi 2b:

Sama verk er unnið í gegnum ferli listransóknar og getur af sér texta auk myndlistarverks. Hér skal notast við viðurkennda mælikvarða á þeim fræðasviðum sem textinn birtist á, s.s. yfirlit yfir stigagjöf íslenskra tímarita frá 2011.

Grein í ritrýndu tímariti: 15 stig

Grein í óritrýndu tímariti: 5–10

Samtals: grein í ritrýndu tímariti + verk: 39 stig

Samtals: grein í óritrýndu tímariti + verk: 29–34 stig

Möguleikar á notkun og útfærslu

Matskvarðinn gildir fyrir fræðasvið lista og er hægt að beita á öll fagsvið þess. Við núverandi stöðu Listaháskólans þýðir það fagsvið myndlistar, sviðslista, tónlistar, hönnunar og arkitektúrs. Notkun matskvarðans er háð tveimur grunnforsendum:

- Tryggja skal að um jafningjamat sé að ræða með því að skipa eingöngu sérfræðinga hvers fagsviðs í matsnefnd hverju sinni, sem hafa ótvíræða þekkingu á því sviði sem þeir starfa á.
- Endurskoða skal árlega þau gildi sem liggja matskvarðanum til grundvallar, í samræmi við þróun listvettvangsins hér á landi sem og í alþjóðlegu samhengi.

Matskvarðinn getur nýst skólanum á þrjá vegu:

- a) Til að meta rannsóknavirkni akademískra starfsmanna sem og gæði afraksturs undir starfsþættinum R&N.
- b) Til að skilgreina viðmið um hæfi í akademískar stöður og frekari starfsþróun.
- c) Til að skilgreina viðmið um mat á umsóknum í opinbera samkeppnissjóði, s.s. Rannsóknasjóð Rannís.

Matskvarðinn getur nýst skólanum hvort sem er með stigamati eða án stiga. Án stigagjafar myndi kvarðinn fyrst og fremst þjóna sjónrænum tilgangi þar sem útlínur hvernar myndar gefa til kynna vægi viðkomandi verks, þó á ónákvæmari hátt en með stigagjöf (útþanin mynd hefur meira vægi en samþjöppuð).

Þá má einnig hugsa sér að framkvæma árlegt heildarmat á rannsóknavirkni hvers akademísku starfsmanns með því að taka saman öll einstök verk á hverju ári og raða hverjum starfsmanni í flokka eftir virkni. Þannig matskerfi mætti nota til að reikna út skiptingu á rannsóknaframlagi ríkisins til skólans niður á deildir, þegar rannsóknasamningur liggur fyrir. Slíkt kerfi myndi skapa hvata til stöðugrar virkni starfsmanna undir þessum starfsþætti, auk þess að veita deildarforsetum verkfæri til stjórnunar á þessu sviði.

Veikleikar og takmarkanir

Matskerfið þad sem hér er lagt fram tekur fyrst og fremst mið af listrænum afrakstri og nær ekki til afraksturs fræðikennara skólans. Þótt hópurn leggja til að notast verði við

viðurkennda mælikvarða á fræðasviðum hugvísinda og menntavísinda vill hann benda á að þörf er á að víkka þá mælikvarða út og taka mið af öðrum matsþáttum en ritryndum vettvangi, sér í lagi þegar afrakstur er lagður fram hér á landi. Þá þarf að gæta þess að matskerfi skólans mismuni ekki akademískum starfsmönnum skólans eftir því hvaða fræðasviði þeir starfa á.

Mat á annarri virkni undir starfsþættinum R&N, s.s. tengsl við samfélagið, hefur ekki verið útfært, en slíkt mætti þróa að fyrirmynd matskerfis opinberra háskóla (sjá viðauka) eða matskerfis HR.

Matskerfinu þarf að taka með fyrirvara þar sem aðrar forsendur en faglegar geta ráðið vali á verkum, t.d. þegar starfsemi opinberra stofnana stýrist af fjárhagslegum sjónarmiðum um rekstrarlega hagkvæmni fremur en listræn gæði (t.d. á sviði tónlistar).

Það á eftir að koma í ljós hvort matskvarðinn henti öllum fagsviðum jafn vel svo sanngjarn samanburður milli akademískra starfsmanna á ólíkum fagsviðum verði tryggður. Þá getur reynst erfitt að meta umfang verka eftir þessum kvarða, t.d. lengd tónverks eða samsetningu (einleiksverk eða sinfóníuhljómsveitarverk), en slíka þætti má meta undir „samhengi“.

Það matskerfi sem hér er lagt fram kallar á töluverða skriffinnsku. Það á eftir að sannreyna hvort sú tillaga sem hér er lögð fram sé framkvæmanleg í raun, þótt meðlimir hópsins hafi sjálfir gert prufumat á eigin afrakstri í gagnagrunni skólans.

Gæta þarf þess að skekkja skapist ekki þegar bera á saman verk sem skorar á öllum fjórum ásum matskvarðans við verk sem skorar á einum, tveimur eða þremur ásum af fjórum. Á sumum fagsviðum hefur vettvangur lítið vægi í samanburði við aðra matsþætti eins og samhengi eða tengsl. Þannig getur „vettvangur“ beinlínis verið óviðeigandi á sumum sviðum hönnunar, t.d. þegar um verk eða þjónustu að beiðni viðskiptavinar er að ræða (t.d. á sviði hönnunar). Hið sama gildir í sumum tilfellum sviðslista þegar samhengið skiptir meira máli en vettvangur (á hvaða leiklistarhátíð verkið er flutt fremur en á hvaða sviði). Þá er algengt í arkitektúr að verk séu ekki birt opinberlega nema í formi tillagna (t.d. í samkeppni) og þá eruð það þættir eins og viðurkenningar og verðlaun sem hafa áhrif á vægi verksins. Í öllum þessum tilfellum skal meta viðkomandi verk undir matsþáttunum „samhengi“ og „tengsl“ fremur en „vettvangur“.

LOKAORÐ

Það er ljóst að flókið er að hanna gæðakerfi lista sem nær utan um allar þær breytur sem hafa áhrif á vægi verka, sér í lagi þegar um svo ólík listsvið er að ræða eins og í tilfalli Listaháskólans. Rannsóknahópur fagráðs lýkur nú störfum sínum og leggur þessa greinargerð fram til umræðu í fagráði, sem án efa á eftir að hafa áhrif á áframhaldandi þróun gæðakerfis rannsókna og nýsköpunar við skólann. Nú þegar hópurinn hefur lokið hlutverki sínu er brýnt að stjórnendur og fagráð móti umhverfi innan skólans sem áfram eykur þátt rannsókna og nýsköpunar í starfi skólans í samræmi við opinbera stefnu hans.

Hópurinn leggur til að skólinn taki skýra afstöðu til þess hvort þróa eigi formlegt matskerfi á afrakstri rannsókna og nýsköpunar á fræðasviði lista, eða hvort matið eigi áfram að vera óformlegt eins og við núverandi aðstæður. Þá leggur hann einnig til að nálgun skólans til listrannsókna verði gerð opinber og aðgengileg bæði inn á við sem út á við.

Hópurinn leggur til að sambærilegt matskerfi verði þróað til að meta virkni og gæði kennslu, sem er jú veigameiri hluti starfsemi skólans en sá sem hér er til umfjöllunar. Bent er á að matskerfi annarra háskóla hér á landi taka til greina alla starfsþætti til gæðamats reglulega, s.s. stjórnun og þjónustu.

Hópurinn leggur til að skólinn nýti sér það matskerfi sem hér er lagt fram til að skapa fræðasviði lista aðgengi að opinberu samkeppnisfé og þrýsta um leið á að Vísinda- og tækniráð Íslands skapi sér ramma sem rúmi listrannsóknir, hvort sem stofnað verði sérstakt fagráð lista og hönnunar eða það renni saman við núverandi fagráð hug- og félagsvísinda. Þá getur matskerfið nýst skólanum í að marka sér skýrari stefnu um rannsóknir & nýsköpun á hverju listsviði fyrir sig og til að setja sér skilgrein markmið um afrakstur þegar kemur að samningagerð við ráðuneytið um þennan starfsþátt.

VIÐAUKAR

VIÐAUKI I – MATSPÁTTURINN VETTVANGUR: NIÐURRÖÐUN EFTIR VÆGI

Eftirfarandi lista skal nota sem dæmi til viðmiðunar þegar raða á vettvangi í matsflokki. Listinn er ekki tæmandi og er hugsaður sem grundvöllur til umræðu meðal matsaðila. Hann verður að endurskoða árlega af jafningjum á hverju sviði fyrir sig.

Þótt hér sé vettvangur dreginn sérstaklega út gefur það ekki til kynna að þessi matsþáttur hafi meira vægi en hinir þrír; samhengi, tengsl og áhrif.

Í tilfelli sumra fagsviða reynist erfitt að slíta sundur vettvang frá öðrum matsþáttum og því nær listinn hér fyrir neðan sums staðar út fyrir vettvang yfir í aðra matsþætti kvarðans.

ARKITEKTÚR

7–8 stig Áhrifamikill vettvangur á alþjóðavísu

Opinber mannvirki, verk í hæsta gæðaflokki, verk sem fela í sér nýnæmi í framkvæmd og/ eða hugmyndafræði:

- European Union Prize for Contemporary Architecture – Mies van der Rohe Award, The Pritzker Architecture Prize, The Architecture Biennale Feneyjar.
- Verk í þekktum samtímasýningarýmum: Museum of Finnish Architecture, Musée de l'Architecture & du Patrimoine, RIBA Gallery.
- Verk birt í þekktum samtímatímaritum og bókum: Domus, Architecture Review, Detail.

5–6 stig Annar vettvangur á alþjóðavísu

Opinber mannvirki, verk í hæsta gæðaflokki, verk sem fela í sér nýnæmi:

- Þátttaka í sýningum um arkitektúr, fyrirlestrar og þátttaka í ráðstefnum, birtingar á netmiðlum.
- Tilnefning til verðlauna.
- Birtingar verka á netmiðlum.

3–4 stig Áhrifamikill vettvangur innanlands

Opinber mannvirki, verk í hæsta gæðaflokki, verk sem fela í sér nýnæmi í framkvæmd og/ eða hugmyndafræði:

- Fyrstu verðlaun í hönnunarsamkeppnum, DV verðlaun, (Sjónlistarverðlaun).
- Birtingar verka í þekktum miðlum innanlands: Arkitektúr, tímarit um umhverfishönnun, RÚV, DV.

1–2 stig Annar vettvangur innanlands

Opinber mannvirki, verk í hæsta gæðaflokki, verk sem fela í sér nýnæmi:

- Þátttaka í samsýningum, s.s. HönnunarMars.
- Tilnefningar til verðlauna og viðurkenninga, almenn þátttaka í sýningum, m.a. HönnunarMars, viðtöl og minni birtingar á verkum í staðbundnum fréttamiðlum.

GRAFÍSK HÖNNUN

7–8 stig Áhrifamikill vettvangur á alþjóðavísu

Verk sem hafa sterk áhrif eða fela í sér breytingar á alþjóðasamhengið. Eigin höfundarverk á erlendum markaði, nýsköpun og hugmyndafræði. Tekið skal mið af tíðaranda og hvert verk skoðað í samhengi og út frá áherslum þess hönnuðar eða hönnunarteymis er um ræðir.

- Verk á alþjóðlegum sýningum, sýningum stýrt af fagaðilum.
- Verk og/eða greinaskrif birt í alþjóðlegum tímaritum.
- Aðalerindi á fagtengdum ráðstefnum.
- Umfjöllun í erlendum fjölmiðlum.
- Alþjóðleg verðlaun og viðurkenningar.

5–6 stig Annar vettvangur á alþjóðavísu

Verk sem innlegg í hreyfingar og samtal á alþjóðavísu. Tekið skal mið af tíðaranda og hvert verk skoðað í samhengi og út frá áherslum þess hönnuðar eða hönnunarteymis er um ræðir.

- Þátttaka í alþjóðlegum sýningum.
- Fyrirlestrar erlendis.
- Þátttaka í alþjóðlegum ráðstefnum.

3–4 stig Áhrifamikill vettvangur innanlands

Verk sem hafa sterk áhrif eða fela í sér breytingar á staðbundið samhengið. Eigin höfundarverk á innlendum markaði, nýsköpun og hugmyndafræði. Tekið skal mið af tíðaranda og hvert verk skoðað í samhengi og út frá áherslum þess hönnuðar eða hönnunarteymis er um ræðir.

- Verk á sýningum innanlands, sýningum stýrt af fagaðilum.
- Verk og/eða greinaskrif birt í innlendum tímaritum.
- Fyrirlestrar innanlands.
- Verðlaun og viðurkenningar.
- Umfjöllun í innlendum fjölmiðlum.

1–2 stig Annar vettvangur innanlands

Verk sem innlegg í núverandi hreyfingar og samtal í staðbundnu samhengi. Tekið skal mið af tíðaranda og hvert verk skoðað í samhengi og út frá áherslum þess hönnuðar eða hönnunarteymis er um ræðir.

- Tilnefningar til verðlauna og viðurkenninga.
- Almenn þátttaka í sýningum.
- Viðtöl og minni birtingar á verkum í staðbundnum fréttamiðlum.

FATAHÖNNUN

7–8 stig Áhrifamikill vettvangur á alþjóðavísu

Verk sem hafa sterk áhrif/breytingar á alþjóðasamhengið - Local to Global, nýnæmi, hugmyndafræði.

- Kynning og sala á fatalinum á alþjóðlegum markaði. Góð dreifing á vörum.
- Verk á þekktum sýningum s.s. Norræna tískutvíaeringnum og fl.

- Verk og skrif í þekktum tískutímaritum, bókum: s.s. Vogue, Elle, Purple Fashion.

5–6 stig Annar vettvangur á alþjóðavísu

Tekur þátt með verkum sínum í alþjóðlegu samtali.

- Þátttaka í gallerí- og safnasýningum tengdum tísku, fyrirlestrar og þátttaka í ráðstefnum, birtingar á netmiðlum.
- Almennar viðurkenningar.

3–4 stig Áhrifamikill vettvangur innanlands

Verk sem hafa sterk áhrif/breytingar á staðbundið samhengi. Nýnæmi, hugmyndafræði.

- Verk á þekktum sýngarstöðum innanlands: Listasafn Íslands, Listasafn Reykjavíkur, HönnunarMars, RFF.
- Verk sýnileg á innanlandsmarkaði og/eða í afþreyingariðnaðnum. Vöruþróun í samvinnu við innlend fyrirtæki.
- Verk og greinaskrif í þekktum miðlum innanlands: RÚV, DV, Fréttablað, Morgunblað, Grapevine.
- Hönnunarverðlaun og viðurkenningar.

1–2 stig Annar vettvangur innanlands

Verk eru sýnileg og eru innlegg í núverandi hreyfingar og samtal í staðbundnu samhengi.

- Tilnefningar til verðlauna og viðurkenninga, almenn þátttaka í HönnunarMars og RFF.
- Viðtöl og minni birtingar á verkum í staðbundnum fréttamiðlum.

VÖRUHÖNNUN

7–8 stig Áhrifamikill vettvangur á alþjóðavísu

Verk sem hafa sterk áhrif/breytingar á alþjóðasamhengið - Local to Global, nýnæmi, hugmyndafræði.

- Verk á þekktum alþjóðlegum sýningum: Salone Internazionale Del Mobile, Dutch Design Week, 100% Design London, Stockholm Furniture Fair, imm cologne.
- Verk á þekktum samtímasýningarýmum: Galerie KREO.
- Verk nýtt í opinberum byggingum, rými.
- Verk birt í þekktum samtímatímaritum, bókum: FRAME Magazine, Items Magazine, Icon Magazine, Domus. Birtingar á prenti.

5–6 stig Annar vettvangur á alþjóðavísu

Verk sem innlegg í núverandi hreyfingar og samtal á alþjóðavísu, birtingarmynd gæti komið fram á miðlum að ofan.

- Þátttaka í sýningum tengd vöruhönnun, birtingar á netmiðlum.
- Almennar viðurkenningar frá stofnunum.

3–4 stig Áhrifamikill vettvangur innanlands

Verk sem hafa sterk áhrif/breytingar á staðbundið samhengi. Nýnæmi, hugmyndafræði.

- Verk á þekktum sýningum innanlands, sýningarstýrt af fagaðilum: Listasafn Íslands, Listasafn Reykjavíkur, HönnunarMars.
- Verk nýtt í opinberum rýmum og eða í tengslum við staðbundna atvinnuvegi og fyrirtæki.

- Verk í þekktum miðlum innanlands: RÚV, DV, Fréttablað, Morgunblað, Grapevine, Mæna.
- Hönnunarverðlaun og viðurkenningar.

1–2 stig Annar vettvangur innanlands

Verk sem innlegg í núverandi hreyfingar og samtal í staðbundnu samhengi, birtingarmynd gæti komið fram í miðlum að ofan.

- Tilnefningar til verðlauna og viðurkenninga, almenn þátttaka í sýningum, m.a. HönnunarMars, viðtöl og minni birtingar á verkum í staðbundnum fréttamiðlum.

MYNDLIST

7–8 stig Áhrifamikill vettvangur á alþjóðavísu

Myndlistartvíæringurinn í Feneyjum, Documenta myndlistarhátíðin í Kassel, einkasýningar í virtum samtímalistasöfnum stórborga í Evrópu og Bandaríkjunum, s.s. Pompidou, Jeu de Paume, Palais de Tokyo í París, Neue Nationalgalerie og Hamburger Bahnhof Flick Collection í Berlín, Tate Modern og Serpentine Gallery í London, MoMA, Whitney, Guggenheim, Metropolitan í New York, Dia center í New York-ríki, Walker Art center í Minneapolis, Chicago Art Institute, MOCA í Los Angeles.

5–6 stig Annar vettvangur á alþjóðavísu

Tvíæringurinn í Sao Paulo, New Museum í New York, Renaissance Society í Chicago, ICA og Whitechapel gallery í London, ýmis virt Kunstverein í Þýskalandi, Kunsthalle í Sviss og Austurríki, BOZAR í Brussel, Astrup Fernley Museum í Osló, Bergen Kunsthall, Moderna Museet og Bonnierskonsthal í Stokkhólmi, Louisiana, Statens Museum, Nikolaj og ARKEN í Kaupmannahöfn. Auk þess samsýningar á fyrrgreindum söfnum í Evrópu og USA.

3–4 stig Áhrifamikill vettvangur innanlands

Listasafn Íslands, Listasafn Reykjavíkur, Hafnarborg, Listasafn ASÍ, Nýlistasafnið, Listahátíð í Reykjavík, Gallerí i8, Hverfisgallerí, Gallerí Kling & Bang.

1–2 stig Annar vettvangur innanlands

Listasafnið á Akureyri, Listasafn Árnesinga, Listasafn Reykjanesbæjar, Gallerí suðsuðvestur, Gallerí Þoka, Kunstschlager, Týsgallerí.

SVIÐSLISTIR

7–8 stig Áhrifamikill vettvangur á alþjóðavísu

Sýning/verk sýnt á helstu sviðslistahátíðum heims (s.s. Wiener Festwochen, London International Festival of Theatre (LIFT), Festival d'Avignon, Edinburgh International Festival, Kunstenfestival des arts í Brüssel) eða í einhverjum af helstu leikhúsum heims (s.s. National Theatre London, Burgtheater í Vín, stærstu leikhús Þýskalands (s.s. Deutsches Theater Berlin, Schaubühne, Deutsches Schauspielhaus Hamburg), Royal Court í London (á sérstaklega við um leikrit).

5–6 stig Annar vettvangur á alþjóðavísu

Sýning/verk sýnt á alþjóðlegum sviðslistahátíðum (s.s. Baltic Circle, Maifestspiele Wiesbaden, Salzburger Festspiele, Barbican International Theatre Events (BITE),

International Istanbul Theatre Festival) eða í viðurkenndum leikhúsum erlendis (s.s. Malmö Stadsteater, Theater Koblenz, National Theatre of Scotland).

3–4 stig Áhrifamikill vettvangur innanlands

Sýning/verk hjá helstu leikhúsum og/eða alþjóðlegum hátíðum: Þjóðleikhúsið, Borgarleikhúsið, Íslenski dansflokkurinn, Lókal-alþjóðleg leiklistarhátíð, Reykjavík Dance Festival.

1–2 stig Annar vettvangur innanlands

Sýning/verk hjá viðurkenndum atvinnusviðslistahópum, leikhúsum og hátíðum, sjálfstæðir leikhópar, Leikfélag Akureyrar, Tjarnarbíó, Gaflaraleikhúsið, Norðurpóllinn.

TÓNLIST

7–8 stig Áhrifamikill vettvangur á alþjóðavísu

HCMF Huddersfield Contemporary Music Festival - UK - ein stærsta og fjölbreyttasta tónlistarhátíð í Evrópu fyrir nútímatónlist.

Tegund verks:

- a) Sinfónískt verk eða verk fyrir stóran kammerhóp.
- b) Kammerverk
- c) Kórverk
- d) Einleiksverk / Rafverk

5–6 stig Annar vettvangur á alþjóðavísu

Transit festival í Belgíu – hátíð fyrir tilraunakennda nýsköpun á sviði tónlistar og sviðslistar.

Tegund verks:

- a) Kammerverk með tækni
- b) Einleiksverk með tækni
- c) Samspil tónlistar, sviðslistar og mynd/vídeólistar

3–4 stig Áhrifamikill vettvangur innanlands

Myrkir músíkdagar

Tegund verks:

- a) Sinfónískt verk eða verk fyrir stóran kammerhóp. (tímalengd?)
- b) Kammerverk
- c) Kórverk
- d) Einleiksverk / Rafverk

1–2 stig Annar vettvangur innanlands

Við Djúpið, Þjóðlagahátíðin á Siglufirði.

Tegund verks:

- a) Kammerverk með tækni (tímalengd?)
- b) Einleiksverk
- c) Kammerverk

VIÐAUKI II – MATSKERFI R&N Í NORSKU LEIKLISTARAKADEMÍUNNI FREDERIKSTAD

Notat

Til: Den det gjelder

Fra: Kjell Ove Kjølaas og Karianne Hjørnevik Nes, Høgskolen i Østfold

Kopi:

Dato: 2009-11-25 – oppdatert 2010-05-31

Emne: Kategorioversikt for publisering iht. HiØs RBO

RBO-modellen som beskrives her ble godkjent i høgskolestyret 26.10.09 i forbindelse med budsjettbehandlingen for 2010.

Kategorioversikt

For HiØ har vi definert følgende kategorier og tilhørende poeng:

Formidling	F0	1 poeng
Formidling	F1	2 poeng
Formidling	F2	4 poeng
Formidling	F3	8 poeng
Publisering på nivå 1	N1	10 poeng
Publisering på nivå 2	N2	20 poeng
Monografier på nivå 1	MN1	30 poeng
Monografier på nivå 2	MN2	40 poeng
Kunstnerisk publisering på nivå 1	KU1	10 poeng
Kunstnerisk publisering på nivå 2	KU2	15 poeng

Akademi for scenekunst vil sørge for at en ekstern ekspertgruppe foreslår hvilke av deres "publiseringer" som skal kategoriseres som KU1 og KU2. Akademiet vil selv finansiere arbeidet med denne kategoriseringen, evt. dele utgiftene med andre som har slike kategorier.

Eksempler på hvordan de meste brukte kategoriene i Bibsys kategoriseres i den nye modellen.

F0	<ul style="list-style-type: none"> • Mediebidrag (deltagelse i radio/Tv program, intervju av faglig/vitenskapelig karakter, kronikk i dags-/ukepresse, debattinnlegg etc.) • Populærvitenskapelige foredrag • Kompendier (ikke opptrykk), doktoravhandlinger, magister/hovedfag/masteroppgaver • Lærebok ikke utgitt på forlag • Fagbok ikke utgitt på forlag • Billedmateriale • Uspesifisert formidling av FoU-resultater¹
F1	<ul style="list-style-type: none"> • Kapittel i lærebok utgitt på forlag • Institusjonsrapport/kapittel i institusjonsrapport • Rapport i institusjonsserie • Artikkel i populærvitenskapelig tidsskrift • Brev til redaktør/debattinnlegg i tidsskrift • Gjesteforelesning • Konferanseposter • Foredrag ved fagmøte/fagmesse • Konferanseabstract i tidsskrift eller rapport • Kunstutstilling – lokalt • Konsert – lokalt • Kunstnerisk oppsetning på lokal scene • Presentasjonsmateriell KU (poster, logo, grafikk) på linje med konferanseposter
F2	<ul style="list-style-type: none"> • Kapittel i fagbok utgitt på forlag • Lærebok utgitt på forlag • Artikkel i fag/bransjetidsskrift • Kronikk/anmeldelse i fagtidsskrift • Konferanseforedrag • Kunstutstilling – nasjonalt • Konsert - nasjonalt • Kunstnerisk oppsetning på nasjonal scene • Dans, kunst og teateranmeldelser
F3	<ul style="list-style-type: none"> • Fagbok utgitt på forlag • Vitenskapelig monografi utgitt på forlag • Vitenskapelig antologi utgitt på forlag • Leksikon/oppslagsverk • Artikkel i vitenskapelig tidsskrift (ikke nivå 1 eller 2)

¹ Akademi for scenekunsts publiseringer i denne kategorien må behandles særskilt, siden Forskdok er mangelfull på det kunstfaglige området. De enkelte "kunstpublikasjonene" kan derfor kategoriseres som alt fra F0 til KU2.

	<ul style="list-style-type: none"> • Artikkel i vitenskapelig antologi (ikke nivå 1 eller 2) • Artikkel i vitenskapelig serie (ikke nivå 1 eller 2) • Kunstutstilling – internasjonalt • Konsert – internasjonalt • Kunstnerisk oppsetning på internasjonal scene
KU1 ²	<ul style="list-style-type: none"> • Kunstnerisk utviklingsarbeid innkjøpt/bestilt til nasjonalt/nordisk museum, galleri, scene, privat/offentlig organisasjon, nasjonal og nordisk pris/utmerkelse, nasjonalt/nordisk oppdrag bestillingsverk
KU2	<ul style="list-style-type: none"> • Kunstnerisk utviklingsarbeid innkjøpt/bestilt til internasjonalt museum, scene, galleri, privat/offentlig organisasjon, internasjonal pris/utmerkelse, internasjonalt oppdrag bestillingsverk

Hvor mye penger som ligger hvert poeng vil variere fra år til år. Dette er avhengig av hvor mye høgskolestyret bevilger til denne posten og hvor mye HiØ får tildelt fra Kunnskapsdepartementet for vår publisering på nivå 1 og 2.

Registrering og merittering Kunstnerisk utviklingsarbeid

Akademi for scenekunst har gjennom diskusjoner internt på Akademiet og med Kjell Ove Kjølås, Else Norheim og rektor Elin Nesje Vestli kommet fram til følgende forslag for registrering av kunstnerisk utviklingsarbeid. Vi foreslår at dette kjøres som et pilotprosjekt i ett år for å teste ut om det kan fungere. Dette er å anse som et lokalt prosjekt for å koble Akademiets FoU aktivitet bedre til Høgskolens interne system for registrering av FoU. Det er derfor ingen koblinger til nasjonale eller internasjonale diskusjoner om klassifisering og verdsetting av Kunstnerisk Utviklingsarbeid.

1. Definisjon av kunstnerisk utviklingsarbeid ved Høgskolen i Østfold

Art practice qualifies as research if its purpose is to expand out knowledge and understanding by conducting an original investigation in and through art objects and creative processes. Art research begins by addressing questions that are pertinent in the research context and in the art world. Researchers employ experimental and hermeneutic methods that reveal and articulate tacit knowledge that is situated and embodied in specific artworks and artistic processes. Research processes and outcomes are documented and disseminated in an appropriate manner to the research community and the wider public.

Henk Borgdorff sensuous knowledge 2006

2. Forslag kriterier for KU ved HiØ

Artistic research realized at HIØ contains besides of the artistic work; a critical reflection which are disseminated to peers in seminars/meetings and to public by open lectures and/or NTAs webpages.

Kritisk refleksjon (definition by artistic research programme Norway)

Den kritiske refleksjonen skal forstås som skriftlig ledsagetekst til det kunstneriske arbeidet:

- Plassering av eget kunstnerisk ståsted/arbeid i forhold til eget fagfelt og internasjonalt
- Hvordan prosjektet bidrar til fagutvikling i feltet
- Kritisk refleksjon over prosess (kunstneriske valg og vendepunkt, bruk av teori, dialog med ulike nettverk og fagmiljø med mer)
- Kritisk refleksjon over resultat (egenvurdering i forhold til revidert prosjektbeskrivelse)

3. Registrering forslag fra Akademiet

Vi skiller mellom kunstnerisk arbeid som er fagfellevurdert til et visst kvalitativt nivå (nivå KU-1 eller KU-2) og kunstnerisk arbeid som ikke er fagfellevurdert, men som da vurderes som formidling- F kategorisert. En forutsetning for at kunstnerisk arbeid kvalifiserer til kunstnerisk utviklingsarbeid er at kriteriene kritisk refleksjon og publisering/formidling av denne er oppfylt.

Om fagfelle vurdering innen KU

Den store utfordringen ligger i rutiner og systemer for fagfelle vurdering og klassifisering av KU 1 og KU2. Fagfelle vurdering i form av innkjøpskomiteer, kulturrådet, kuratorer, teaterscener, prisutmerkelse, gallerier, museum, privat/offentlig organisasjon, bestillingsverk etc er ganske grei. Utfordringen ligger i kunstnerisk arbeid som ikke er fagfelle vurdert men som allikevel har høy faglig kvalitet. En måte er å lage lister over kanaler som publiserer faglig funderte kritikker (eks. Morgenbladet, Norsk Shakespeare tidsskrift , New York Times etc.). Dersom man blir anmeldt i disse kanalene er man indirekte vurdert dithen at man er faglig interessant i en større offentlig sammenheng. Uansett hvordan vi vrir og vender på dette lander vi på behovet for en faglig komitè som på slutten av året går igjennom FoU aktivitetene for å vurdere hvilket nivå ”publiseringskanalen”/scenen/galleriet holder faglig. Vi er opptatt av at vi gjennom dette arbeidet styrker kvaliteten på FoU-arbeidet vårt og mener da at vi er tjent med at eksterne ”godkjenner” de faglige vurderinger av ”publiseringskanaler” vi gjør i forhold til gjeldende nivå og praksis innen det internasjonale kunstfeltet.

Om komiteens vurdering av KU1 og KU2

Dersom arbeidet kvalifiserer til KU (fagfelle vurdert, kritisk refleksjon og offentlig formidlet) skal komiteen vurdere nivået. Komiteen skal ikke vurdere nivået på selve arbeidet, men nivået på kanalene arbeidet er formidlet i- eksempelvis om en teaterforestilling på Berliner Ensemble er å anse som KU1 eller KU2. Eller om en danseforestilling på Sandvika Kulturhus vurderes som KU1 eller KU2.

For å skille mellom KU1 nasjonal relevant og KU2 internasjonal relevant blir kriteriene for nivå 2 akademisk publisering benyttet for definere KU2:

- *be perceived as the leading publication channels/venues in a wide variety of academic/artistic contexts*
- *Publish the most outstanding works by researchers from different countries*

In addition the following criterias are used: level 2 contains 20 % of the publications in the field. And level 2 is characterized by international autorship (more than 1/3 of autors/artists/directors come from other countries than the majority)

Oversikt kategorisering

Poeng	Kategorier	Kommentar	Kategori sering i forskdoc
F0- 1		Ikke KU	
F1- 2	Kunstutstilling – lokalt Konsert – lokalt Kunstnerisk	Ikke nødvendigvis KU	X12?

	oppsetning på lokal scene Presentasjonsmateriell KU (poster, logo, grafikk) på linje med konferanseposter		
F2- 4	Kunstutstilling – nasjonalt Konsert – nasjonalt Kunstnerisk oppsetning på nasjonal scene Dans, kunst og teateranmeldelser	Ikke nødvendigvis KU	E 1
F3- 8	Kunstutstilling – internasjonalt Konsert – internasjonalt Kunstnerisk oppsetning på internasjonal scene	Ikke nødvendigvis KU	E 2
KU 1- 10	KU 1: Nasjonalt relevant Kunstnerisk utviklingsarbeid	Her ligger det en fagfelle vurdering inne, samt kriteriene for KU er oppfylt	E
KU 2- 15*	KU 2: Internasjonalt relevant Kunstnerisk utviklingsarbeid	Her ligger det en fagfelle vurdering inne, samt kriteriene for KU er oppfylt	E

*I poengverdi ligger KU 2 lavere enn nivå 2, dette fordi KU 2 var antatt å skulle favne mer enn 20 % av de mest fremragende publiseringskanaler i verden.

Resultater etter første prøveår (ikke ferdig evaluert per 10.juni 2010)

- Kategoriseringen av KU1 fungerte greit, vi må jobbe mer med kritisk refleksjon men kriteriene for fagfelle vurdering fungerte fint.
- KU2 var mer utfordrende. Kriteriene må jobbes videre med og praksis må nyanseres i forhold til Kunstnerisk utviklingsarbeid.
- Komiteen fungerte ganske bra til at det var første gang. Vanskelig å få en bred faglig representasjon med kun 3 personer. Vi bør kanskje vurdere et bredere sammensatt fagforum med representanter fra flere institusjoner nasjonalt og internasjonalt?
- KU2 ble strengere bedømt enn forutsatt (kriteriene ble de samme som for nivå 2)
KU2 og N2 bør kanskje gi samme uttelling?

VIÐAUKI III – MATSKERFI OPINBERRA HÁSKÓLA Á ÍSLANDI

Matskerfi opinberra háskóla

Forsendur

Matskerfi opinberra háskóla er grundvöllur mats á störfum akademískra starfsmanna, þ.e. þeirra sem ráðnir eru samkvæmt hæfnisdómi og eru í Félagi prófessora við ríkisháskóla, eða í öðrum kjarafélögum sem hafa gert samning um aðild að kerfinu (svo sem Félag háskólakennara, og Félag háskólakennara á Akureyri). Við Háskóla Íslands gildir að ritverk og annað útgefið efni sem ekki er auðkennt Háskóla Íslands (e. University of Iceland) er ekki tekið til mats. Mat á störfum nær til rannsókna, kennslu, stjórnunar, þjónustu og fleiri þátta. Árlegt framtal starfa felur í sér skýrslu um störf undangengins árs. Við Háskóla Íslands felur hún einnig í sér uppfærslu svokallaðrar kennsluferilskrár, yfirlit um samstarf við aðila utan Háskóla Íslands og yfirlit um aukastörf utan skólans. Engin stig, hvorki fyrir rannsóknir, kennslu né annað, eru veitt fyrir en fullnægjandi framtali hefur verið skilað.

Rannsóknir

Mat á rannsóknum byggist í meginatriðum á birtingarvettvangi ritverks. Litið er svo á að efni sem birtist á vettvangi sem gerir strangar fræðilegar kröfur sé metið með tilliti til efnisöflunar, frumleika og framlags til nýrrar þekkingar. Þá skiptir sköpum hvernig útgefandi stendur að ritrýni. Ritrýni telst fullnægjandi þegar efni sem til stendur að birta er sent til a.m.k. tveggja ritrýna. Ritrýni skal vera nafnlaus, fagleg, efnisleg og unnin af viðurkenndum sérfræðingum á viðkomandi sviði. Enn fremur er lagt mat á dreifingu, aðgengi og áhrif ritverka.

Það verður æ algengara að tímarit birti greinar fyrst rafrænt á vef og síðar á prenti. Til að taka af öll tvímæli er minnt á að útgáfuár ritverka telst vera það ár sem þau birtast á prenti. Engu að síður er heimilt að telja fram tímaritsgrein á því ári sem hún er birt fyrst á vef en greinin kemur þó ekki til mats fyrir en á árinu sem hún birtist á prenti. Ef eingöngu er um vefútgáfu að ræða er greinin tekin til mats á því ári sem hún birtist fyrst á vef.

Kennsla

Lagt er mat á virkni og gæði í kennslu, m.a. í birtu kennsluefni, nýsköpun í kennslu og leiðbeiningu nemenda í framhaldsnámi. Við Háskóla Íslands gildir að kennslustig vegna kennslureynslu (B1) fást ekki nema kennsluferilskrá hafi verið uppfærð samhliða framtali starfa, sbr. að framan, en uppfæra þarf skrána árlega í tengslum við mat á störfum.

Stjórnun, þjónusta og annað

Mat er lagt á stjórnunarstörf, sbr. C-hluta matskerfis, og þjónustu, sbr. D-hluta kerfisins. Lagt er mat á tiltekin stjórnunarstörf sem einkum eru á vegum háskólanna í heild eða fræðasviða þeirra. Stjórnun á vegum deilda er að jafnaði ekki metin til stiga samkvæmt reglum þessum. Í D-hluta er lagt mat á ýmis störf er falla undir þjónustu og fræðslu fyrir almenning sem háskólafólk sinnir í krafti sérþekkingar sinnar.

VIÐAUKI IV – STIGAGJÖF ÍSLENSKRA TÍMARITA

Íslensk tímarit – stigagjöf fyrir greinar eftir könnun 2011.

Tímarit	Stigamat
Andvari	10
Archaeologia Islandica	10
Atferli - Tímarit samtaka áhugafólks um atferlisgreiningu á Íslandi	10
Árbók VFÍ/TFÍ	15
Bifröst Journal of Social Science	15
Glíman. Óháð rit um guðfæði og samfélag	10
Glæður, tímarit um sérkennslumál	10
Gripla	15
Hrafnáþing: Ársrit íslenskukennara á MVS HÍ	5
Hugur	10
Íslenska þjóðfélagið	10
Íslenskt mál og almenn málfræði	15
Jón á Bægisá. Tímarit þýðenda	10
Landabréfið	10
Ljósmaðrablaðið	15
Milli mála - Ársrit Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur	10
Náttúrufræðingurinn	10
Netla	15
Nordicum-Mediterraneum	15
Orð og tunga	10
Raust: Tímarit um raunvísindi og stærðfræði	5
Ritið	15
Saga - Tímarit Sögufélagsins	15
Sálfræðitímaritið - Tímarit sálfræðingafélags Íslands	10
Skírnir	15
Són. Tímarit um óðfræði	10
Stjórnsmál og stjórnsýsla	15
Studia theologica Islandica	10
Talfræðingurinn	5
Tannlæknablaðið	5
Tímarit félagsráðgjafa	5
Tímarit hjúkrunarfræðinga	15
Tímarit lögfræðinga	10
Tímarit Máls og Menningar	10
Tímarit um menntarannsóknir	15
Tímarit um viðskipti og efnahagsmál	15
Uppeldi og menntun	15